

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Umsögn Landssambands eldri borgara um frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu, 144. löggjafarþing 2014 - 2015.

Þingskjal nr. 295 - 257. mál.

Í athugasemdum með frumvarpinu segir m.a:

„Þá mun stofnunin veita velferðarþjónustu í þeim skilningi að hún mun fela í sér samþættingu heilbrigðis- og félagsþjónustu. Hluti þjónustunnar telst vera heilbrigðisþjónusta, m.a. þjónusta lækna, útgáfa vottorða, rannsóknir o.fl., auk þess sem stór hluti starfsmanna miðstöðvarinnar telst heilbrigðisstarfsmenn í skilningi laga um heilbrigðisstarfsmenn. Hins vegar er þjónusta stofnunarinnar að miklu leyti félagslegs eðlis í ljósi þess að henni er ekki síður ætlað að miða að því að bæta félagslega stöðu þeirra sem hún þjónar með því að vinna gegn neikvæðum félagslegum afleiðingum fatlana og sjúkdóma, með ráðgjöf, greiningu, meðferð, hæfingu, fræðslu og rannsóknum auk fræðslu og þjálfunar starfsfólks annarra þjónustustofnana, svo sem skóla og starfsmanna sveitarfélaga sem vinna að málaflokknum.“

Þar sem hér er mælt fyrir um samþættingu heilbrigðis- og félagsþjónustu vill Landssambandið nota tækifærið og benda á nauðsyn þess að samþætta slíka þjónustu við aldraða, sem nú er á hendi bæði sveitarfélaga og ríkis.

Landssamband eldri borgara styður frumvarpið og telur það ætíð horfa til betri vegar að gerðar séu ráðstafanir til þess að vinna betur að ákveðnum málaflokkum og auka skilvirkni stjórnvalda. Því teljum við að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu geti stuðlað að aukinni hagræðingu og skilvirkni í þjónustu við þá aðila sem til þjónustumiðstöðvarinnar þurfa að leita.

3. nóv. 2014

F.h. Landssambands eldri borgara

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður LEB